

# Lagabreytingatillögur stjórnar VR fyrir aðalfund VR 24. mars 2021

## Tillaga nr. 1

Núverandi hljóðan:

### 23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hver og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Verði (breytingar í **rauðu** lettri):

### 23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hver og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara. **Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leiti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarmanna hvort sem þeir sækja fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsmanna á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávalt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.**

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

## Tillaga nr. 2

Núverandi hljóðan:

### 25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löggin setja.



Verði (breytingar í **rauðu** lettri):

#### 25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins. **Stjórn er heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leiti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarmanna hvort sem þeir sækja fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsmanna á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávalt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.**

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löggin setja.

